

Delta Kappa Gamma fundur 29.03.2011

Haldinn á Stokkseyri og Eyrarbakka

Fórum að Stokkseyri að skoða nýjan skóla. Arndís Harpa skólastjóri tók á móti okkur og sýndi okkur þennan glæsilega skóla.

Því næst skoðuðum við listaverk hjá Elvari Þórðarsyni og dóttur hans Valgerði.

Þá héldum við að Eyrarbakka í Rauðahúsið.

Bolette setti fundinn að venju.

Rætt um Landssambandsþingið sem verður helgina 7. – 8. maí.

Eigum von á gestum frá Gamma deild í Rvk.

Allar komi með eitthvað að borða og fundurinn haldinn í skólanum í Hveragerði.

Líklega verða 40 gestir og Epsilonkonur beðnar að mæta vel.

Dagsettur 21.maí

Uppástungur um að Guðrún Þóranna segi frá rannsókn sinni sem hún gerði.

“Víst vil ég lesa” Meistaraverkefni hennar. Hún tók því vel.

Upp kom að fara t.d. í vatnsleikfimi í flottri sundlaug NFLÍ.

Elísabet kennari á Stokkseyri var með orð til umhugsunar.

Hún sagði okkur frá því að hún tók sér leyfi frá áramótum og fór í handavinnuskóla til Danmerkur og var stór hrifin þetta ættu allir að gera.

Síðan las hún ljóðið “Áfram stelpur” Já ég þori get og vil .

Höfundar eru Dagný Kristjánsdóttir og Kristján Jónsson.

Hvatti okkur allar til að vera virkar í hugsun og þora, gera og vilja.

Síðan höfðum við happdrætti.

Elín Hannibalsdóttir